


Jöfnum leikinn

námskeið um kynjasambættingu

9. september í Reykjavík
13. september á Akureyri

Jafnréttisstofa býður til námskeiðs um kynjasambættingu. Á námskeiðinu verður fjallað um stöðu jafnréttismála á Íslandi í dag, hvað kynjasambætting er og hvernig er hægt að nota hana til að efla það starf sem þegar er unnið.

Kynjasambætting er aðferð til að meta hvort ákvarðanir innan stofnana hafi jöfn áhrif á konur og karla. Með því að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið í ferli stefnumótunar og ákvarðanatöku gefst leið til að meta hvort þjónusta skili sér jafnt til beggja kynja og hvort aðgengi þeirra að þjónustu sé sambærilegt. Kynjasambætting er tæki til gæðastjórnunar sem getur haft áhrif á hvaða leiðir eru valdar þegar kemur að ákvarðanatöku um uppbyggingu og niðurskurð. Kynjasambætting getur því haft jákvæð áhrif á rekstur og þjónustu.



Námskeiðið byggir á bókinni *Jöfnum leikinn – Handbók um kynjasambættingu* sem Jafnréttisstofa gaf út fyrr á árinu og er hluti af Evrópuverkefninu Samstíga (www.samstiga.is).

Tilkynna þarf þátttöku með pósti á netfangið bergliot@jafnretti.is
Síðasti skráningardagur fyrir námskeiðið í Reykjavík er 7. september en 11. september fyrir námskeiðið á Akureyri.
Námskeiðið er endurgjaldslaust.

Reykjavík
9. september kl. 13-15
Hótel Reykjavík Centrum,
Aðalstræti 16
Fundarsalur: Fógetastofa

Akureyri
13. september kl. 10-12
Icelandair Hótel Akureyri
Þingvallastræti 23